

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Ásendi 12, Húsafelli. Breyting á deiliskipulagi.

Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti breytingu á deiliskipulagi Ásenda 12, Húsafelli, á fundi sínum 2. febrúar 2024. Breytingin tekur til lóðar hótelsins, Ásenda 12 (L222409) þar sem hún er stækkuð til vesturs inn á óbyggt svæði að aðliggjandi sumarhúsalóðum.

Hótellóðin stækkar um 1.488 fm og verður 10.015 fm eftir stækkun. Byggingarreitur stækkar um 576 fm og verður 2.997 fm. Skipulagssvæðið er 4,1 ha að stærð og verður svo áfram en afmörkun svæðisins er breytt svo stækkunin rúmist innan skilgreinds landnotkunarreits verslunar- og þjónustu-svæðis.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Bjargsland, þyrping 8 og 9 – Stekkjarholt-Kvíaholt. Breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsfulltrúi, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti breytingu á deiliskipulagi Bjargslands, þyrping 8 og 9 – Stekkjarholt-Kvíaholt, á fundi sínum 4. janúar 2024. Deiliskipulagsbreytingin tekur til stærðar lóða í Stekkjarholti og við Kvíaholt. Stekkjarholt 2, 3 og 5 eru mældar upp og stærð leiðrétt miðað við núverandi byggð. Stekkjarholt 4 er felld niður og sett snúningsstæði og gestabilastæði. Tveimur lóðum er bætt við skipulagið í Stekkjarholti, en það eru Stekkjarholt 6 sem er þegar byggð lóð og Stekkjarholt 1 sem er ný lóð. Nýjar lóðir undir eitt parhús eru skilgreindar við Kvíaholt. Aðrir skilmálar haldast óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 18. mars 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Ásgerður H. Hafsteinsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 4. apríl 2024